



**PANTAÐU  
Á NETINU**

[www.dominos.is](http://www.dominos.is) sími 58-12345

SELTJARNARNESBÆR



[www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)



**OPIÐ**  
ALLAN sólarhringinn  
á Eiðistorgi



## Fjölbreytt dagskrá í félagsstarfinu

Fjöldi manns var samankominn þegar dagskrá félagsstarfs eldri borgara var kynnt í Félagsheimili Seltjarnarness í lok ágústmánaðar. Kynning fór fram á þeirri dagskrá sem í boði er fram að áramótum og að sögn Kristínar Hannesdóttur, umsjónarmanns með félagsstarfi aldraðra voru skráningar á hinu ólíkustu námskeið og frístundastarf afar góðar.

## Karl Pétur, Saga og Stefán í Útsvari

Nýir liðsmenn keppa fyrir Seltjarnarnesbæ í hinum geysivinsæla spurningaþætti Sjónvarpsins, Útsvari. Þetta eru þau Karl Pétur Jónsson ráðgjafi, Saga Ómarsdóttir viðskiptafræðingur og markaðsfulltrúi hjá Icelandair og Stefán Eiríksson lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, sem nýfluttur er á Nesið.

Liðið lítur björtum augum til keppinnar og hlakkar

til að takast á við verðuga andstæðinga. Síðustu fulltrúar bæjarins voru systkinin snjöllu þau Anna Kristín, Rebekka og Þorbjörn Jónsbörn. Þess má til gamans geta að lið Seltirninga fagnar miklu barnaláni, en samtals eiga þau 14 börn, sem segir sitthvað um áhuga ungs barnafólks að búa á Seltjarnarnesi.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

## Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | [www.reyap.is](http://www.reyap.is) | [reyap@reyap.is](mailto:reyap@reyap.is)

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á [www.islandsbanki.is/farsiminn](http://www.islandsbanki.is/farsiminn)



Hafðu bankann með þér



Íslandsbanki

# NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Vesturgötu 15, 101 RVK. S: 511 1188 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

## Betri aðstaða til útivistar

Viðbrögðin hafa ekki látið á sér standa eftir að viðtalið við Ólaf Inga Ólafsson formann Nesklúbbsins sem birtist í Nesfréttum í júlí og hafa og margir lýst áhuga á að farið verði í breytingar við golfvöllinn. Í framhaldi þess sendu Nesfréttir spurningar til alla bæjarfulltrúa á Nesinu um hvað þeim þætti um hugmyndir Ólafs um færslu á golfskalanum svo að almenningur gæti nýtt hann með golfurinum. Einnig voru þeir spurðir um hvort þeim þætti rétt að stækka golfsvæðið á Nesinu annaðhvort með landfyllingum og gera æfingarsvæði á Ráðagerðistúni eða Nesstofutúni fyrir lítinn æfingavöll.

Allir bæjarfulltrúarnir brugðust vel við og svöruðu. Í svörum kemur fram áhugi allra núverandi bæjarfulltrúa utan eins sem var frekar mótfallin þessum hugmyndum. Nokkuð misjafnt er á hvað bæjarfulltrúarnir leggja áherslu, hvort þeir líta á landfyllingar sem lausn þessa vanda eða hvort leysa eigi bráðvandann með gerð æfingarvallar á Ráðagerðis- eða Nesstofutúninu. Án þess að vitnað sé til svara einstakra bæjarfulltrúa mátti sjá að þeir líta á að bregðast þurfi við með einhverju móti.

Nú er unnið að gerð deiliskipulags fyrir vestursvæðin sem að líkindum verður tilbúið til birtingar í byrjun næsta árs. Af svörum bæjarfulltrúanna má vera ljóst að þessar hugmyndir fara bæði inn á borð kjörinna bæjarfulltrúa og fagaðila sem vinna við skipulagið. Því verður fróðlegt að sjá hvernig tekið verður á þeim og hvort og þá með hvaða hætti þær rata inn í þær skipulagstillögur sem kynntar verða Seltirningum á komandi ári.

K



## Nýtt staðarval fyrir Hjúkrunarheimilið

Bæjarstjórn Seltjarnarness hefur samþykkt einróma að nýtt hjúkrunarheimili skuli vera staðsett við Safnatröð. Staðarvalið afmarkast af Sefgörðum til norðvesturs, raðhúsalóðum við Nesbala til vesturs og lyfjafræðisafni og safnhúsi, áður fyrirhuguðu lækningaminjasafni til suðurs og austurs. Nákvæm lóðarmörk liggja ekki fyrir, en gert er ráð fyrir að á þessu svæði megi afmarka allt að 10.000 m<sup>2</sup> lóð fyrir bygginguna.

Stefnt er að því taka heimilið í notkun á árinu 2015. Heimilið gerir ráð fyrir 30 íbúðum við bestu aðstæður sem völ er á og stendur það saman af þjónustukjarna, göngum og íbúðareiningum. Opið aðgengi verður að gördum frá öllum íbúðakjörnum og helstu þjónusturýmum auk þess sem stefnt er að því að íbúðarherbergin hverfist um opið miðrymi.

Hjúkrunarheimilið mun rísa á einu eftirsóttasta svæði Seltirninga í góðu samspili við umhverfið. Með staðarvalinu er miðað að því að skapa aðstæður sem stuðla að vellíðan fólks, jafnt heimilismanna, starfsfólks sem aðstandenda. Byggingin verður einföld í sniðum, á einni hæð og án stiga, sem er afar þýðingarmikið. Opið og gott aðgengi verður að heimilinu, bílastæði verða næg og unnt verður að aka upp að heimilinu á nokkrum stöðum, en hafa ber í huga að íbúar þess búa að öllu jöfnu við mikla færniskerðingu og fara ekki út nema í hjólastól og jafnvel í rúmi.

marga kosti fram yfir fyrri staðsetningahugmyndir. Auk þess sem lóðin er flatari verður unnt að reisa heimilið á einni hæð, sem aðrar staðsetningar gáfu ekki kost á. Þá er mikilvægt að líta til þess að heimilið mun tengjast opinberum safnabyggingum og útivistarsvæði á Framnesi þar sem umhverfisgæði eru mikil. Það er Seltjarnarnesbær sem annast hönnun og byggingu heimilisins í samráði við Framkvæmdasýslu ríkisins og velferðarráðuneytið. Arkitekt hjúkrunarheimilisins er Björn Guðbrandsson hjá Arkís ehf. en horft var til Edenhugmyndafræðinnar við gerð heimilisins. Næsta skref bæjarstjórnar er að kanna endanlega hvort byggingin rúmast, svo vel sé, innan skipulags svæðisins eða hvort aðrir annmarkar séu til staðar.

## Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Gerið verðsamanburð



Steinsmiðjan Mosaik

Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is

## Nesbúinn



Er Hjúkrunarheimilið komið á endanlega stað?

Hefur marga kosti


Staðarvalið við Safnatröð hefur



# BÆTTU SMÁ TORONTO Í LÍF ÞITT

Verð frá **33.900\*** kr.

Þessi ferð gefur frá 2.100 til 6.300 Vildarpunkta aðra leiðina.



## Hverfisgatan fer ekki langt á meðan þú ferð eitthvað annað

Við höfum öll upplifað einstaka listviðburði í Þjóðleikhúsinu. En listin á sér fleiri heimkynni en gamla Skuggahverfið. Í Toronto eru mörg úrvalseikhús, sex óperufélög, fimmtíu ballett- og danshópar og tvær sinfónihljómsveitir. Þar eru líka frábær söfn eins og menningar- og náttúrusögusafnið Royal Ontario Museum og Art Gallery of Ontario svo að ekki sé minnst á allt sem er í boði í þessari háborg kvikmyndalistarinnar í Kanada, „Hollywood norðursins“. Hvernig væri að vikka sjóndeildarhringinn og skreppa til Toronto? Hverfisgatan verður á sínum stað þegar þú kemur til baka.

+ Bókaðu núna á [icelandair.is](http://icelandair.is)

    Vertu með okkur

**ICELANDAIR** 

# Framboðsmálin taka á sig mynd

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi vegna bæjarstjórnarkosninganna á komandi vori verður haldið 9. nóvember n.k. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Nesfréttir hafa frá bæjarfulltrúum ætla allir núverandi bæjarfulltrúar flokksins að gefa kost á sér áfram nema Guðmundur Magnússon sem kveðst enn hugsa málið og ekki hafa tekið endanlega ákvörðun.

Nokkrir aðrir aðilar hafa verið nefndir. Nokkrir hafa neitað að þeir myndu gefa kost á sér og aðrir eru að hugsa málið. Á meðal

þeirra er Þór Sigurgeirsson fyrrverandi bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Neslistinn mun bjóða fram og er Árni Einarsson bæjarfulltrúi hans að hugsa hvort hann gefi áfram kost á sér í bæjarmálin. Spurning er um hvort framsóknarmenn gangi aftur til liðs við Neslistann eða verði með sérframboð. Ekki hefur heldur frést hvað Samfylkingin hyggst gera eða hvort Margrét Lind Ólafsdóttir ætlar að gefa kost á sér á ný. En framboðsmálin eru farin að taka á sig mynd.

# Nýtt og léttara yfirbragð Valhúsaskóla



Lokið er við utanhússviðgerðir á Valhúsaskóla og hefur skólinn fengið nýtt og léttara yfirbragð. Viðgerðir fólust í lagfæringu á steypuskemmdum, skipt var um glugga þar sem þess var þörf og klæðning sett á álagsflieti.

Á sama tíma var ráðist í tilfærslu

á bílastæðum fyrir framan skólann. Einnig stendur til að færa hliðið, sem takmarkað hefur gegnumakstur, við enda Skólabrautar þannig að nú verður einungis hægt að aka á bílastæði skólans sunnan frá eða frá Suðurströndinni.

## Við seljum allar gerðir fasteigna.

### Sanngjörn sölubókun og vönduð vinnubrögð.



**Haraldur A Haraldsson**

lögilltur fasteignasali/viðskiptafræðingur  
Dalvegur 16d, 201 Kópavogi  
**Sími: 426-9000**  
[www.abbafast.is](http://www.abbafast.is)

**Athöfn**  
ÚTFARARÞJÓNUSTA

*Vönduð og persónuleg þjónusta*

**Sími: 551 7080 & 691 0919**

ATHÖFN ÚTFARARÞJÓNUSTA - [athofn@athofn.is](mailto:athofn@athofn.is) - [www.athofn.is](http://www.athofn.is)



Inger Steinsson



Inger Rós Ólafsdóttir

# Komdu í afmæli

Tapas barinn er 13 ára og þér er boðið í veisluna 21. og 22. október

### Afmælistilboð

10 vinsælustu réttir Tapas barsins	590 kr./stk.
330 ml Peroni	590 kr./stk.
Léttvínsglas, Campo Viejo	690 kr./stk.

Allir fá ljúffenga og margrómaða súkkulaðiköku Tapas barsins í eftirrétt.

Afmælistilboðið er hafinn

Komdu og taktu þátt í léttum leik. Þú gætir unnið ferð til Tenerife eða einhvern fjölmargra aukavinninga.

TAPAS BARINN HINN EINI SANNI Í 12 ÁR



RESTAURANT-BAR

Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | [www.tapas.is](http://www.tapas.is)



# Frumkvöðlasetur á Nesinu

Á næstunni verður opnað formlega nýtt frumkvöðlasetur á Eiðistorgi á Seltjarnarnesi. Í setrinu verður pláss fyrir um 24 fyrirtæki sem verða staðsett í um 800 fermetra rými í húsnæði þar sem skrifstofa Lyfjastofnunar var áður til húsa en hefur staðið ónotað síðastliðin þrjú ár.

Það er Jon von Tetzchner sem stendur að baki þessa frumkvöðlaseturs en hann hefur að undanfögnu tekið þátt í stofnun og uppsetningu fyrirtækja hér á landi. Jon er stofnandi Opera Software hugbúnaðarins sem margir þekkja og nota m.a. til vefskoðunar ferða um netheima og hann starfar einnig sem fjárfestir. Ef til vill þarf ekki að koma á óvart að Jon velji Seltjarnarnes fyrir starfsemi af þessum toga vegna þess að hann er Seltirningur í móðurætt og ólst upp á Nesinu fram um 20 ára aldur en fluttist síðan til Noregs.

Jon vinnur einnig að því að koma á líka frumkvöðlasetri á fót í Boston í Bandaríkjunum, en þar er hann búsettur um þessar mundir. Bæði frumkvöðlasetrin munu kallast Innovation house en eðlilegar er verið að stefna á mun stærri einingu í milljónaborginni vestra en á Seltjarnarnesi. Húsnæðið á Eiðistorgi skiptist í tvær álur og verða 12 skrifstofur í hvorri álmu en auk þess verða tvö fundarherbergi, klósett, eldhús og fundarsalur í húsnæðinu sem á að geta rúmað allt 100 manna fundi. Hver skrifstofa verður síðan búin borðum og stólum og nettenging verður einnig á staðnum. Nú munu flest ef

ekki öll plássin vera frátekin. Gert er ráð fyrir að hægt verði að tengja frumkvöðlasetrið við fyrirtæki á vegum Jóns í öðrum löndum. Jon tengist frumkvöðlastarfi víða um heim og má nefna frumkvöðlasetur í Noregi, sem stýrt er af fyrrum sölu- og markaðsstjóra Opera, Rolf Assev auk sambærilegrar miðstöðvar í Berlín og í Kísildalnum í Bandaríkjunum.



Seltirningurinn Jon von Tetzchner í Frumkvöðlasetrinu á Eiðistorgi.



Dyggasti stuðningshundur KR kom í heimsókn í heilsubúðina Græn heilsa, hér er hann ásamt Önnu Björgu Hjartardóttur.

## Heilsubúðin Græn Heilsa í vesturbænum lífræn næringaefni og ráðgjöf

LukkuTröll KR kjöltuhundurinn Hjútlí sem er elskaður og dáður af öllum sem til hans þekkja kom með eigenda sínum í Græna heilsu á Ægisíðu 121 eftir að hafa fengið heiðursboð um að kynna sér lífræn næringaefni frá Lifestream, sömu næringaefni og Meistaraflokkur KR í knattspyrnu notar í samráði við kröfuharðan næringafræðing sinn. Anna Björg í Grænni heilsu tók vel á móti Hjútlí og gaf honum að smakka Spirulina sem hann var hestánægður með. Spirulina er lífrænt fjölvítamín náttúrunnar og er því kjörið fyrir alla fjölskylduna, frábært fyrir börn í námi og íþróttum, fullorðna sem vinna mikið og gott fyrir allt venjulegt afreksfólk í lífinu sem og íþróttafólk. Græn heilsa sérhæfir sig í bættiefnum sem eru unnin úr lífrænt ræktuðum afurðum og laus við alla verksmiðjuframleidda íblöndun. Græn heilsa býður einnig upp á verðlaunaðar lífrænar húðvörur án aukaeftna sem framleiddar eru úr collageni, þangi, ávöxtum og jurtum.

Anna Björg eigandi verslunarinnar hefur 25 ára reynslu af að vinna að heilsumálum og lærði í Göteborgs Gymnastiska Institut.

Í september tekur til starfa hjá Grænni heilsu hjúkrunarfræðingur með masterspróf í lýðheilsufræðum sem mun sinna hjúkrunarvörum og fræðslu. Boðið er upp á fría heilsuráðgjöf - tímpantanir.

Opíð alla virka daga frá kl. 10 - 17.30. Sími 551 1717

 græn heilsa Ægisíða 121



## Spjallað um Hina réttlátu

Rithöfundurinn og Seltirningurinn góðkunnir, Sólveig Pálsdóttir, verður gestur á bókmenntakvöldi Bókasafns Seltjarnarness þriðjudaginn 1. október kl. 19:30.



Þá verður skoðuð og skegg-rædd hin snjalla og bráðskemmtilega spennusaga hennar Hinir réttlátu. Allir eru velkomnir og boðið verður upp á kaffi og með því.



# Vel heppnuð bæjarhátíð á Seltjarnarnesi

Nýafstaðin bæjarhátíð á Seltjarnarnesi heppnaðist með eindæmum vel. Þetta var í fyrsta sinn sem efnt var til slíkrar hátíðar, en hún hófst með sýningaropnun í Eiðisskeri á fimmtudegi og lauk með stórdansleik í Íþróttahúsinu á laugardagskvöld.

Á föstudagskvöld var sundlaugapartí með lifandi tónlistarflutningi og leiktækjum. Bæjarbúar kepptust við að skreyta hús sín og götur með litum sem hverfum var úthlutað og var sköpunarkrafturinn í algleymi.

Meðfylgjandi eru svipmyndir frá hátíðinni



## Viðamikil menningarhátíð í undirbúningi

Nú stendur yfir undirbúningur á Menningarhátíð Seltjarnarness, sem fram fer dagana 10. til 13. október. Umfangsmikil dagskrá verður frá morgni til kvölds víða um bæinn, en rík áhersla er lögð á samstarf yngri og eldri bæjarbúa.

Í Eiðisskeri verður opnuð sýning á verkum Valgarðar Gunnarssonar og á sama tíma verður fjölmörgum verkum af ýmsum toga komið fyrir í Bóka-

safninu undir yfirskriftinni Milli bóka þar sem helstu listamenn bæjarins leggja til verk og setja þau upp á hefðbundna og óhefðbundna staði innan safnsins. Hluti dagskrárinnar fer fram í nýja safnhúsinu skammt frá Nesstofu þar sem kunnir listamenn koma fram. Björnsbakari býður Seltirningum í morgunkaffi á Eiðistorgi á laugardagsmorgni þar sem óvæntir gestir skjóta upp kollinum. Sérstök hátíðardagskrá

verður helguð rithöfundinum Guðrúnu Helgadóttur þar sem ungir og aldnir geta skemmt sér saman, en meðal viðburða þar er atriði úr Óvitunum. Í Bókasafninu verður boðið upp á bókasmíðu fyrir börnin og fullorðna og ungir og aldnir leiða saman hesta sína í gerð útlitaverks og vinna að hönnunarsýningu undir leiðsögn Siggú Heimis. Dagskráin verður kynnt nánar í heild sinni þegar nær dregur.



## Lán til endurbóta og viðbygginga

Íbúðalánasjóður veitir lán til endurbóta á húsnæði að innan og utan. Meðal annars eru veitt lán til lóðarframkvæmda og viðbóta við húsnæði. Lán geta numið allt að 80% af framkvæmdakostnaði. Hámarkslán eru 20 milljónir og lánstími 5 til 40 ár. Sömu vextir eru á þessum lánum og almennum lánum Íbúðalánasjóðs.

[www.ils.is](http://www.ils.is)

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna á seltjarnarnesi

## Auglýst eftir framboðum til prófkjörs

Ákveðið hefur verið að prófkjör um val frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins við næstu bæjar- og sveitarstjórnarkosningar fari fram laugardaginn 9. nóvember 2013.

Hér með er auglýst eftir framboðum til prófkjörs. Frambjóðandi skal vera flokksbundinn sjálfstæðismaður, enda liggi fyrir skriflegt samþykki hans um að hann gefi kost á sér til prófkjörs.

Frambjóðendur skulu vera kjörgengir í næstu bæjar- og sveitarstjórnarkosningum. 20 flokksbundnir sjálfstæðismenn, búsettir á Seltjarnarnesi, skulu standa að hverju framboði en enginn flokksmaður getur staðið að fleiri framboðum en 7.

Kjörnefnd er heimilt að tilnefna prófkjörsframbjóðendur til viðbótar frambjóðendum, eftir að framboðsfresti lýkur.

Framboðum ber að skila til formanns kjörnefndar, Friðriks Friðrikssonar (896-7350) fyrir klukkan 18.00, sunnudaginn 13. október 2013.



Opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

**NES FRÉTTIR**

Auglýsingasími: 511 1188

# Íbúðir til sölu á Seltjarnarnesi



Nánari upplýsingar hjá söluaðilum:


**EIGNAMIDLUN**  
vaka Eignatíttina í 50 ár

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

FASTEIGNASALAN  
**MIKLABORG**

FASTEIGNASALAN  
**TORG**  
KRAFTUR - TRAUÐ - ÁRANGUR

FASTEIGNASALAN  
**fasteign.**



Hrólfsskálamelur 2-8  
á Seltjarnarnesi

**Aðeins 4 íbúðir eftir**

Íbúðirnar afhendast fullbúnar með gólfefnum.

Hátúni 2b | 105 Reykjavík  
Sími 594 4200 | Fax 594 4201 | www.landey.is

**LANDEY**



Viðtal við Ásgerði Halldórsdóttur:

# Margt í farvatninu

**H** austverkin eru hafin hjá Seltjarnarnesbæ og ýmislegt er á döfinni. Unnið er að deiliskipulagi fyrir flest hverfi og uppbygging á Bygggarðasvæðinu er í undirbúningi. Þá mun hjúkrunarheimilið rísa við Safnatröð norðan við Lyfjafræðisafnið á komandi ári og verið er að ljúka við frágang á skólplögnum bæjarfélasisins. Þá eru hugmyndir í farvatninu að börn allt niður í níu mánaða aldur fái pláss í leikskóla bæjarins. Tíðindamaður leit við hjá Ásgerði Halldórsdóttur bæjarstjóra á dögnum til að ræða nánar um þessi mál.

„Við erum að vinna að deiliskipulagi í flestum hverfum bæjarins og vinnunni við það miðar ágætlega. Nesinu er skipt upp í ákveðin svæði eða hverfi þegar deiliskipulag er annars vegar og sums staðar lýkur skipulagsvinnunni um næstu áramót en annars staðar síðar. Við höldum reglulega íbúafundi til að kynna skipulagsvinnunna því miklu skiptir að halda íbúum upplýstum um gang mála. Í svona vinnu er góð samvinna við íbúa bæjarins mikilvæg.“

## Athyglisverðar hugmyndir

Nú hafa komið fram komið hugmyndi um æfingagolfvöll og einnig að bæta aðstöðu fyrir íþrótt- og útivistarhús sem staðsett yrði í námunda við golfvöllinn – síðast í ítarlegu viðtali Nesfrétta við Ólaf Inga Ólafsson formanns golfklúbbsins á Seltjarnarnesi þar sem hann velti fyrir sér hvaða möguleikar væru fyrir hendi til þess að bæta aðstöðu golfáhugamanna. „Ég las þetta viðtal og þessar hugmyndir eru allrar umræðu verðar. Ég geri ráð fyrir að þær verði teknar til umfjöllunar við gerð deiliskipulagsins sem nú er í vinnslu. Ég hef einnig séð hugmyndir Sigurðar Ólafssonar og fleiri um varnargarð fyrir utan Seltjörnina frá Suðurnesinu og út að Gróttu og ylströnd við Snoppu.“

## Ekki um ósnortna náttúru að ræða

Ásgerður segir að þetta muni allt skýrast í þeirri vinnu sem nú stendur yfir. „Ég held að flestir séu nokkuð sammála um varðveislugildi þessara landssvæða og takmarkaða nýtingarmöguleika þeirra. Þarna er fjaran og útsýnið til fjalla. En þarna er ekki um að ósnortna náttúru að ræða eins og stundum er haldið fram vegna, það breytir því ekki að við verðum að fara varlega þegar það er annars vegar og valda ekki spjöllum um ókominn tíma. Svæðið í kringum Bakkatjörnina er friðað og þar verður ekkert gert en við höfum verið að reyna að útrýma kerfli og njóla sem þar er til vandræða. Þessar gróðrartegundir hafa verið að sækja í sig veðrið og eru farnar að hafa verulega áhrif til hins verra á varpsvæði fuglanna.“

## Fráveituframkvæmdunum að ljúka

Frárennismálin á Seltjarnarnesi komu til umræðu á dögum og Nesfréttir fengu upplýsingar frá Umhverfisstofnun þess efnis að öllum



Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.

fráveituframkvæmdum væri lokið á Seltjarnarnesi. Ásgerðir segir að lokafrágangi hafi seinkað um nokkra mánuði frá upphaflegri áætlun og í því liggi trúlega sá misskilningur sem varð. „Við erum búin að ljúka við 81% framkvæmdanna og erum nú að vinna við að ganga frá dælustöð í Lambastaðahverfinu. Að því frágengnu verður þessu stóra og lífsnauðsynlega verkefni lokið en eins og menn vita þá eru fráveituframkvæmdirnar fjárfrekar og því vel skiljanlegt að öll sveitarfélög hafi ekki enn náð að ljúka þeim.“

## Skemmtilegt íbúasvæði við sjóinn

Ásgerður segir að nú sé verið að ljúka skipulagi fyrir Bygggarðasvæðið en um nokkurt skeið hefur verið fyrirhugað að reisa íbúðabyggð þar í stað þeirrar iðnaðarstarfsemi sem nú er á svæðinu. Gert er ráð fyrir að á næstu fimm árum risi blönduð byggð í Bygggördum. „Ég held að þetta geti orðið mjög skemmtilegt íbúasvæði í nálægð við vestursvæðin, segir Ásgerður.“

## Áhyggjur af þrengingu gatna í Reykjavík

Ásgerður hefur nokkrar áhyggjur af grannsvæði Seltirninga við vesturhöfnina, nálægt Slippnum og Grandanum, en hún telur að þar sé að finna alvarlegt dæmi um óraunsei og tillitsleysi í fyrirhuguðum skipulagsbreytingum borgaryfirvalda. Þarna liggja Mýrargata, sem margir Seltirningar eiga óhjákvæmilega leið um oft á dag, og því eðlilegt að þeir láti sig þróun svæðisins miklu skipta.

„Í landinu eru á þriðja hundrað þúsund bif-

reiða, en þrátt fyrir það er í tillögum að nýju aðalskipulagi höfuðborgarinnar látið eins og þetta helsta samgöngutæki nútímans hafi sáralítið vægi,“ segir Ásgerður. „Þar er haldið fram að fólk geti sem hægst farið um gangandi, á reiðhjólum eða með strætisvögnum. Rótgrónum samgönguháttum og rýsjóttu veðurfari er hafnað. Framangreindar ráðagerðir skipulaggyfirvalda Reykjavíkur missa marks, ef þeim er ætlað að hlúa að hag íbúa á umræddu svæði, fyrirtækja og viðskiptalífs þar og í grenndinni. Einnig þess fjölda fólks úr öðrum hverfum höfuðborgarinnar og af Seltjarnarnesi sem oft eiga leið um. Og Hringbraut þolir illa að meiri umferð sé beint að henni. Þær áréttu hve óheppileg stefna núverandi meirihluta borgarstjórnar í samgöngu- og skipulagsmálum er í heild.“

## Bygging hjúkrunarheimilis hefst á næstunni

Fleira er í farvatninu á Seltjarnarnesi. Langþráð bygging hjúkrunarheimilis verður senn að veruleika. Ásgerður segir að staðsetning hennar hafi formlega verið ákveðin á síðasta bæjarstjórnarfundi. „Hjúkrunarheimilinu hefur verið valinn staður norðan við Lyfjafræðisafnið við Safnatröð. Húnsæðið verður á einni hæð og gert ráð fyrir þrjátíu rýmum. Við munum hefjast handa á næstu mánuðum. Þeir eldri íbúar sem ég hef rætt við eru almennt ánægðir með þessa staðsetningu og ég held að með henni sé fundin farsæl lausn á þessu máli.“

## Valhúsaskóli

„Viðhaldsvinna á fasteignum bæjarins er í réttum farvegi en nýlega lauk utanhússviðgerðum á Valhúsaskóla og hefur skólinn fengið nýtt og léttara yfirbragð. Viðgerðir fólust í lagfæringu á steypuskemmdum, skipt var um glugga þar sem þess var þörf og klæðning sett á álagsfleti. Á sama tíma var ráðist í tilfærslu á bílastæðum fyrir framan skólann. Einnig stendur til að færa hliðið, sem takmarkað hefur gegnumakstur, við enda Skólabrautar þannig að nú verður einungis hægt að aka á bílastæði skólans sunnan frá eða frá Suðurströndinni“, segir Ásgerður.

## Fuglahús

Meðal annarra framkvæmda á Seltjarnarnesi bendir Ásgerður á að glöggir Nesbúar hafi líklega tekið eftir því að búið er að steypa lítinn sökkul austan megin við Bakkatjörn. Er þar kominn grunnur að fuglaskoðunarhúsi sem umhverfisnefnd Seltjarnarness hefur fengið samþykki fyrir að reisa, en mikill áhugi hefur verið fyrir því að koma slíku skýli upp og mun nýtast vel næsta vor til að fylgjast með farfuglum koma á Bakkatjörnina en húsið er teiknað af Ragnhildi Skarphéðinsdóttur arkitekt, en húsið mun rúma 3 til 4 einstaklinga í senn og er með öglerjuðum opum og falla mjög vel að umhverfinu. Tilgangurinn með fuglaskoðunarhúsinu er að veita



áhugasólkum um fuglaskoðun næði til að virða fyrir sér fuglinn án þess að hann verði fyrir áreiti, sem Ásgerður telur mjög mikilvægt enda verðum við að lifa öll í sátt og samlyndi.

### Samkennd íbúa

„Ég hef lagt áherslu á það í mínu starfi að hlúa að innviðum bæjarins, bæjarbúum sjálfum,“ segir Ásgerður. „Nýafstaðin bæjarhátíð á Seltjarnarnesi heppnaðist með eindæmum vel, en við stóðum við bakið á skipuleggjendum hennar, sem stóðu sig einstaklega vel. Þetta var í fyrsta sinn sem efnt var til slíkrar hátíðar, en hún hófst með sýningaropnun Haraldrar Sigmundssonar í Eiðisskeri á fimmtudegi. Á föstudagskvöld var sundlaugapartí með lifandi tónlistarflutningi og leiktækjum. Bæjarbúar kepptust við að skreyta hús sín og götur með litum sem hverfum var úthlutað og var sköpunarkrafturinn í algleymsi, hátíðinni lauk svo með stórdansleik í Íþróttahúsinu sem fjölmenni sótti. Hátíðin tókst í alla staði mjög vel og ánægjulegt hversu margir íbúar tóku þátt og ég trúir því að hún sé komin til að vera,“ sagði Ásgerður.

### Endurnýjun leiktækja

Skólastarf bæjarins er komið á fullt skrið og segir Ásgerður að bærin hafi kappkostað að koma upp nýjum leiktækjum við Mýró áður en skólinn hæfist. „Nemendurnir hafa sagt mér að mikil ánægja ríki með nýjungina, en tilkoma leiktækjanna var skref í endurnýjun lóðarinnar, sem var endurgerð að hluta til árið 2009. Fulltrúar nemenda í skólaráði tóku þátt í vali á leiktækjunum, sem hafa sannað vinsældir sínar á skólalóðum víða um land. Leiktækin uppfylla allar öryggiskröfur sem gerðar eru til leiktækja á opinberum leiksvæðum varðandi öryggisstaðla og fallundirlag“, segir Ásgerður.

### Ungmennahús

Öflugur hópur ungmenna hefur látið að sér kveða á Nesinu í sumar og haust og segist Ásgerður afar

stolt af framlagi þeirra til bæjarlífsins. „Öflugt starf Ungmennaráðs á Seltjarnarnesi hefur sannað sig og því ákvað bæjarstjórn að opna ungmennahús til að styrkja enn betur við starf ungmenna á aldrinum 16 til 20 ára“, segir Ásgerður. „Í því samhengi má nefna að í næsta mánuði verður formlega tekið í notkun Ungmennahús Seltjarnarness, á jarðhæð Heilsugæslunnar og er undirbúningur nú í fullum gangi.“

### Ekki gefa öndunum brauð

Umhverfismál hafa verið í brennidepli á Seltjarnarnesi fyrir margar sakir. Ásgerður segir að á Seltjarnarnesi sé nú hafið kerfisbundið átak sem felst í verndun kríuvarpsins og fækkun máva yfir hávarptímann, en mávurinn hefur verið skæður gestur í varplandinu í sumar. „Fjölmargir aðilar hafa komið að máli við mig og óskað eftir því að allra leiða verði leitað til að sporna við mávinum, sem hefur verið ágengari þetta sumarið. Kríuvarp þótti takast vel þetta árið og allt útlit fyrir að krían hefði nægilegt æti. Því var dapurlegt að horfa upp á eyðilegginguna af hálfu vargsins. Við gripum því til þess ráðs að biðla til bæjarbúa um að gefa ekki öndunum brauð við Bakkatjörn.“

### Umhverfismál

Það er ánægjulegt að upplifa hversu áhugasamir bæjarbúar eru um umhverfismál í bæjarfélaginu. Hátt í eitthundrað Seltirningar sóttu íbúabýing um umhverfismál sem haldið var í Valhúsaskóla á þessu ári og tóku þátt í samráði og hugmyndavinnu um framtíð bæjarins í umhverfismálum. Má þar líka nefna að Leikskólinn á Seltjarnarnesi hlaut fyrir skemmstu þá fáheyrðu viðurkenningu að vera veittur Grænfáninn í fimmta skipti en leikskólinn er þriðji leikskólinn á landinu sem fær slíka viðurkenningu. Starfsfólk skólans leggur mikinn metnað í umhverfisvernd og börnin

eru virkir og jákvæðir þátttakendur. Umhverfisnefnd mun í framhaldi af íbúabýingunni vinna að nýjum drögum að umhverfisstefnu fyrir bæjarstjórn“, segir Ásgerður.

### Hitaveita

Miklar framkvæmdir hafa verið hjá hitaveitunni í sumar, en meðalheimili á Seltjarnarnesi greiddi aðeins um 32.000 krónur á ári í fyrra fyrir heitt vatn á meðan viðskiptavinir Orkuveitu Reykjavíkur þurftu að borga næstum tvöfalt meira eða 57.000 krónur á ári. „Hluti aflífs-gæðum þess að búa á Nesinu er að við Seltirningar eigum okkar eigin hitaveitu og höfum í gegnum árin náð að halda gjaldi hennar lágu“, segir Ásgerður.

### Ánægja íbúa

Þessi lífsgæði eru líklega einn þeirra þátta sem gera það að verkum að á Seltjarnarnesi eru 95% íbúa ánægð með búsetuskilyrði í bæjarfélaginu, samkvæmt árlegri þjónustukönnun sem Capacent gerir meðal sveitarfélaga“, segir Ásgerður. „Samkennd og samvinna skiptir bæjarfélagið miklu máli, við bæjarstarfsmenn eru til að þjónusta íbúanna og það skiptir miklu máli að það sé gert á jákvæðan hátt“, segir Ásgerður.

### Pappírstunna

Í sumar var pappírstunnunni dreift á heimili Seltirninga og hafa íbúar lýst yfir mikilli ánægju með þetta framtak bæjarins. Er þessi söfnun hluti af umhverfisstefnu bæjarins, sem bæjarbúar hafa tekið mjög vel í að sögn Ásgerðar.

### Að loknu fæðingarorlofi

Á næstu vikum liggur fyrir hjá bæjarstjórn að rýna í tillögur varðandi tilboð á þjónustu til foreldra eftir fæðingarorlof, sem starfshópur á vegum skólanefndar Seltjarnarness, hefur skilað af sér. „Foreldrar eiga rétt á fæðingarorlofi í samtals níu mánuði frá fæðingu barns. Við búum í samfélagi sem gerir ráð fyrir að báðir foreldrar séu útvinandi, auk þess að reka heimilið. Bæjarfélög sjá um menntun yngstu borgaranna og þau þurfa að axla ábyrgð, bæði gagnvart fullorðnum og börnum. Það er þjóðfélagslega hagkvæmt að sveitarfélög bjóði foreldrum og börnum þeirra leikskóla um leið og fæðingarorlofi lýkur. Það skapar jafnframt samfellu í umhverfi barnanna þegar þau koma snemma í leikskóla. Í dag er fyrirkomulagið þannig á Seltjarnarnesi að foreldrar eiga þess kost að fá leikskólalátt fyrir börn 18 mánaða og eldri, frá hausti að telja. Við sem berum ábyrgð á leikskólamálu verðum áþreifanlega vör við eftirspurn foreldra eftir leikskólalátt strax og fæðingarorlofi lýkur“, segir hún.

### Fjárhagsáætlun 2014

Eitt af stóru verkefnum bæjarstjóra á þessu hausti er gerð fjárhagsáætlana fyrir næsta ár. „Þetta eru hin dæmigerðu haustverk meðal sveitarfélaga og Seltjarnarnesbær er engin undantekning að því leyti. Þetta er vinna sem er í senn krefjandi en í henni felst líka áskorun sem mér finnst mjög spennandi, segir Ásgerður að lokum.



**Hringbraut 119**  
**Sími: 55 44444**

Gerðu  
góðverk  
í dag

907 2002

Hjálparstarf  
kirkjunnar  
[www.help.is](http://www.help.is)

Eru tryggingarnar þínar í lagi?

VÍS



Kristinn Rúnar Kjartansson

kristinnk@vis.is

Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Byð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS - þar sem tryggingar snúast um fólk

## Framkvæmdir drógust – allt skólp hreinsað fyrir næstu áramót

Í síðasta tölublaði Nesfréttu kom fram fram að skólp frá Seltjarnarnesbæ sé 100% hreinsað og er þar vitnað í upplýsingar frá starfsmanni Umhverfisstofnunar.

Misskilningurinn í þessu máli er sá að starfsmaður stofnunarinnar hafði fengið þær upplýsingar í tengslum við söfnun gagna í drögum að stöðuskýrslu um vatnasvæði Íslands að framkvæmdum við tengingu alls skólps frá bænum ætti að vera lokið fyrir árslok 2012. Þess-

um sama starfsmanninum höfðu hins vegar ekki borist upplýsingar um að framkvæmdir hefðu frestast vegna skipulagsmála og því eru aðeins 81,5% skólps frá Seltjarnarnesbæ hreinsað eins og staðan er í dag. Áréttað skal að samkvæmt upplýsingum frá Seltjarnarnesbæ hefjast framkvæmdir við dælustöð í Lambastaðahverfi strax í haust og verður lokið fyrir áramót 2013. Er þessi misskilningur hér með leiðréttur.

## Tónstafir að hefjast í bókasafninu

Tónleikaröð sem Tónlistarskóli Seltjarnarness og Bókasafn Seltjarnarness hafa staðið fyrir um nokkurt skeið hefst að nýju mánuðaginn 7. október.

Tónleikaröðin ber yfirskriftina Tónstafir en í henni sér Tónlistarskólinn um val tónlistarmanna, sem ýmist starfa eða nema við skólann eða hafa numið þar eða kennt á árum áður. Fyrstu tónlistarmennirnir sem koma fram eru Nína Hjördís Þorkelsdóttir, sem senn lýkur BA gráðu í flautuleik frá Listaháskóla Íslands og fyrrum meðlimur í lúðrasveit Tónlistarskólans og Árni Freyr Gunnarsson, fyrrum píanónemandi við skólann en hann stundar nú nám í tónsmíðum á Ítalíu. Þann 4. nóvember mun Ari Bragi Kárasón trompetleikari,



Árni Freyr Gunnarsson píanóleikari og Nína Hjördís Þorkelsdóttir flautuleikari.

núverandi kennari og fyrrum nemandi við skólann koma fram ásamt píanóleikara og 2. desember verður Strengjakvartett fiðlukennarans Helgu Þórarinsdóttur með jólatónleika. Tónleikarnir hefjast allir kl. 17:30 og standa yfir í rúman hálf tíma. Þeir eru ókeypis og allir eru boðnir velkomnir.

## SYSTRASAMLAGIÐ

VERSLUN OG KAFFIHÚS...



...með gæða lífrænt kaffi og te, heilsudrykki, slikkeri, croissant, þeytinga, chiagraut, ásamt vítamínum, snyrtivörum, ilmvötum, jógafatnaði, jógaðýnum og fylgihlutum sem og öðrum árstíðarbundnum vörum.

Afgreiðslutími: Virkir dagar 8 - 18  
Laugardagar 10 - 16

SAMFLOT í Sundlaug Seltjarnarness alla mánudaga kl. 20.00.

Suðurströnd 10, Seltjarnarnesi

Fyrir neðan sundlaugina og World Class.

Sími : 511 6367 www.facebook.com/Systrasamlagid

## UMHVERFISHORNID

### Skilti við Bakkatjörn

Í ágúst sl. var sett upp skilti við Bakkatjörn þar sem beðið er um að gefa fuglum ekki yfir sumartímam. Í síauknum mæli hefur fólk haft áhyggjur af mávum sem sækja á Bakkatjörn til baða og hvíldar og hefur verið rætt um að grípa til aðgerða gegn þeim. Samhliða þessu hafa brauðgjafir aukist og sækir fjöldi fugla sér fæðu í brauðið, þar á meðal mávar. Mávar kunna að taka einhverja andar- eða mófuglsunga en engar rannsóknir hafa verið gerðar á umfangi slíks á Seltjarnarnesi. Mikil afföll eru venjulega af andarungum, um 75% þeirra drepast fyrstu vikuna án þess að afrán komi til. Umhverfisnefnd Seltjarnarness ihugar hvort grípa á til frekari aðgerða gegn mávinum nk. vor. Þó er það mat Jóhanns Óla Hilmarssonar, formanns Fuglaverndar, að raunveruleg vandamál í náttúruvernd á Seltjarnarnesi liggja í búsvæðaröskun og í að stýra þurfi betur umferð fólks en ekki í þáttum sem tengjast einstökum tegundum fugla.



### Skilti við Golfklúbb Ness

Nýlega voru sett upp skilti við Golfklúbb Ness. Var þetta samstarfsverkefni umhverfisnefndar Seltjarnarness og Golfklúbbs Ness. Gangandi vegfarendur eru beðnir að sýna sérstaka aðgæslu og hraða för á rauðmerktum svæðum



### Fuglaskoðunarhús við Bakkatjörn

Hafin er gerð fuglaskoðunarskýlis við Bakkatjörn. Er það von umhverfisnefndar að skýlið verði komið í notkun sumarið 2014.



### Samstarf við Eumetsat

Ísland fékk fulla aðild að evrópsku veðurtunglastofnuninni EUMETSAT (<http://www.eumetsat.int>) 30. ágúst sl. en þá undirrituðu Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, og Alain Ratier, forstjóri EUMETSAT, aðildarsamning. Sem aðildarríki mun Ísland hafa óheftan aðgang að gögnum sem varða fjölmarga þætti náttúruvafars og taka fullan þátt í stefnumarkandi ákvörðunum stofnunarinnar. Þá munu íslensk fyrirtæki og framkvæmdaaðilar geta boðið í verkefni og Íslendingar fá tækifæri til að vinna að verkefnum á vegum EUMETSAT.

Heimildir: Jóhann Óli Hilmarsson, umhverfisráðuneytið  
F.h. umhverfisnefndar,  
Margrét Pálsdóttir, formaður



# Parabað á Nesinu

Slíjm sf. bauð gestum í heitt parabað og undirtóna hafsins í fjörunni við Gróttu á Seltjarnarnesi um verslunarmannahelgina. Slíjmböðin svokölluðu er rannsóknarverkefni sem miðar að útvíkkun baðmenningar Íslendinga en paraböð eru vel þekkt í mörgum samfélögum, m.a. á Írlandi þar sem þau eiga sér langa sögu og eru annáluð fyrir heilnæmi. Rannsóknin verður skrásett og gefin þeim sem áhuga hafa á uppsetningu slíkra baða til sjávar og sveita. Lítið hefur verið um böð af þessu tagi á Íslandi en sem stendur býður Sjávarsmiðjan á

Reykhólum upp á paraböð og búa að talsverðri reynslu og þekkingu á þessu sviði.

Í tilefni af parabaðinu var þremur baðkörum komið fyrir í námunda við hákarlahjallinn á Seltjarnarnesi en í honum var boðið upp á frumstæða búningsaðstöðu þar sem tekið var á móti baðgestum með vallahumsseyði af hreindýraslóðum og súkkulaðisteinum frá meisturunum á Dill. Í slíjmböðin er notaður þari, heitt vatn og sjór – allt auðlindir sem við eigum töluvert af hér á landi. Þarinn leikur um holdið, nærir andann og hverja frumu – stútfullur af kraftaverkasöltum og slímug-

um steinefnum. Með böðunum vill Slíjm ýta undir nýtingu þeirra auðæfa sem finna má í náttúrunni – hið innra sem hið ytra.

Seltirningar tóku böðunum vel og margir komu við, spjölluðu og svöluðu áralangri forvitni við að fá að kíkja inni hákarlahjallinn. Við frágang slíjmbaðanna birtust það sem Slíjm sf. kallar náðarbrunna en kenningar eru um að fornminjar þessar - náðarsætin, hafi verið

notuð af sjómannskonum sem báðu fyrir gjöfulli veiði og farsælli heimkomu sæfarenda. Aðrir halda því fram að í brunnunum hafi fólk fundið sér óskaból, notið jökulloga og hvítextra alda og jafnvel fundið viskuna. Heimildum ber ekki saman um nafngift brunnanna en draga má þá ályktun að hér sé á ferð lendingarstaður allsnægtanna, sem af mörgum fræðimönnum er lýst sem „heima“.



## VEISTU HVAD ÞÚ ÁTT ?

ÞAÐ SEM GLEYMIST AÐ TRYGGJA VERÐUR EKKI BÆTT



Hvað er langt síðan þú gafst þér tíma til að velta því fyrir þér hversu mikil verðmæti leynast á þínu heimili eða í þínu fyrirtæki?

Við hjá Verði tryggingum viljum fá Seltirninga í hóp ánægðra viðskiptavina okkar. Við bendum á ráðgjafa okkar og Seltirninginn Þór Sigurgeirsson í síma 824 1024 eða með því að senda tölvupóst á [thor@vordur.is](mailto:thor@vordur.is) og fáið hagstætt tilboð.



Arnór L. Pálsson  
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson  
útfararstjóri



Frímenn Andrésson  
útfararþjónusta



Jón Bjarnason  
útfararþjónusta

REYNSLA · UMHYGGJA · TRAUST



Hugrún Jónsdóttir  
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson  
útfararþjónusta



Þorsteinn Elíasson  
útfararþjónusta



Ellert Ingason  
útfararþjónusta

ÞEGAR ANDLÁT BER AÐ HÖNDUM

*Önnunst alla þætti útfararinnar*

**ÚTFARARSTOFA  
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • [www.utfor.is](http://www.utfor.is)

## Félags og tómstundastarf eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi

Á kynningarfundum félags og tómstundasviðs eldri bæjarbúa í Félagsheimili Seltjarnarness þann 29. ágúst sl. var farið yfir dagskrána fram að áramótum. Yfir eitt hundrað manns mættu og skráning á námskeið og aðra viðburði gekk vel. Ýmislegt er á döfinni nú á næstu mánuðum fyrir utan föstu dagskrána.

Sigga Heimis bæjarlistamaður Seltjarnarness 2013 óskar eftir samvinnu við eldri bæjarbúa vegna Menningardaga sem haldnir verða helgina 11. - 13. október nk. Hún ætlar að vinna að verkefni þar sem yngri og eldri leggja saman krafa sína. Vonast er eftir að sem flestir taki þátt. Vinsamlega skráið ykkur hjá Kristínu.

Eldri borgarar ásamt ungmennaráði Seltjarnarness hafa hug á að koma á laggirnar sameiginlegri skemmtinefnd. Áhugasamir skrái sig eða sendi hugmyndir til Kristínar í síma 8939800 eða á kristinh@nesid.is

Hér á eftir eru nokkrar dagsetningar í september og október sem vert er að minna á:

**Miðvikudaginn 25. september.** Selið kl. 20.00. Samvera yngri og eldri.

**Fimmtudaginn 26. september.** Bingó í salnum Skólbraut kl. 13.30.

**Miðvikudaginn 2. október.** Nemendatónleikarnir í Tónlistarskólalánnum kl. 18.00.

**Mánudaginn 7. október.** Te og tónlist/tónleikar í Bókasafninu kl. 17.30.

**Fimmtudaginn 10. október.** Haustfagnaður í salnum á Skólbraut. Veitingar, söngur og dans.

**Þriðjudaginn 15. október.** Spjall með hjúkrunarfræðingi á Skólbraut kl. 10.00.

**Miðvikudaginn 23. október.** Borgarleikhúsið á söngleikinn Mary Poppins.

**Miðvikudaginn 30. október.** Selið kl. 20.00. Samvera yngri og eldri.

**Þriðjudagana 1. október/ 15. október** verður helgistund í kirkjunni. Hádegisverður og dagskrá í safnaðarheimilinu á eftir. Kr. 500. Ath. Alla föstudaga syngjum við saman í salnum Skólbraut kl. 14.30. (breyttur tími frá í fyrra).

Allar nánari upplýsingar varðandi dagskrána, skráningar og annað er í síma 893 9800.

## Selkórinn leitar að drynjandi bössum og tónvissum tenórum vegna spennandi verkefna framundan

Áhugasamir hafið samband við formann kórsins, Ingibjörgu Dalberg, netfang: idalberg@simnet.is, s. 588-4769 eða stjórnanda kórsins, Oliver Kentish, netfang: oliver@ismennt.is



Geri við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

**Sævar**

**Bíla- og bátarafmagn**

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is



## Ánægja með ný leiktæki við Mýró

Mikil ánægja ríkir meðal nemenda í Mýrarhúsaskóla með ný leiktæki sem sett voru upp á skólalóðinni í sumar. Tilkoma þeirra var liður í endurnýjun lóðarinnar, en hluti hennar var endurgerður árið 2009.

Sett var upp klifurgrind í stað leikkastala, sem stóð á lóð Gamla

Mýrarhúsaskóla, auk tveggja annarra leiktækja. Fulltrúar nemenda í skólaráði tóku þátt í vali á leiktækjunum, sem hafa sannað vinsældir sínar á skólalóðum víða um land. Leiktækin uppfylla allar öryggiskröfur sem gerðar eru til leiktækja á opinberum leiksvæðum varðandi öryggisstaðla og fallundirlag.

## Göngum í skólann hafið

Göngum í skólann hófst miðvikudaginn 4. september. Þetta er í sjöunda sinn sem Ísland er þátttakandi í þessu verkefni og Grunnskóli Seltjarnarness hefur verið með frá upphafi. Þátttakan hefur líka verið mjög góð, s.l. haust gengu eða hjóluðu 90% nemenda í 1. til 6. bekk í skólann meðan á átakinu stóð og um 93% um voríð.



Markmið verkefnisins er m.a. að; hvetja til aukinnar hreyfingar auka færni barna til að ganga á öruggan hátt í skólann og fræða nemendur um ávinning reglulegrar hreyfingar minnka bílaumferð í nágrenni grunnskóla. Í frétt frá Grunnskóla Seltjarnarness eru foreldrar hvattir til að fylgja yngstu börnunum, gangandi eða hjólandi og nota þá tækifærið og kenna þeim öruggustu leiðina í skólann. Allir bekkir fá viðurkenningarskjal fyrir þátttökuuna og þær bekkjardeildir sem ná bestum árangri fá gull-, silfur- eða bronskóinn til varðveislu þar til næsta Göngum í skólann keppni verður í vor.

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Alúð - virðing - traust

Áratuga reynsla

Suðurlíð 35, Rvk • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn

Komum heim til

aðstandenda ef óskað er

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur  
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líflutningar



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er



**Foreldrar  
verum samtaka**



# Útivistarreglurnar

**1. september til 1. maí**

**12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20**

**13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22**

**1. maí til 1. september**

**12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22**


**13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24**

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþróttá- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur  
um forvarnir

**SAMAN**



Ríkislögreglustjórnin



## A-lið 5. flokks deildarmeistari



Fimmí flokkur karla.

Fimmí flokkur karla í Gróttu lék í C-deild í sumar eftir að hafa fallið úr B-deildinni í fyrra. Strákarnir í A-liðinu gerðu sér lítið fyrir og sigruðu deildina og tryggðu sér þar með sæti í B-deild að ári ásamt þátttökurétti í úrslitakeppninni sem fram fór í byrjun september.

A-liðið vann átta leiki í sumar og tapaði aðeins einum en sigur í hreinum úrslitaleik við Njarðvík tryggði toppsætið. Í úrslitakeppninni mættu strákarnir Fjölni, Aftur-

eldingu og Þór. Gróttumenn fengu skell í fyrsta leik á mótí ógnarsterku Fjölnisliði og töpuðu einnig fyrir Mosfellungum öðrum leiknum. Í stað þess að leggja árar í bát settu Gróttustrákarnir í gírinn og kræktu í 1-1 jafntefli við Þórsara og fóru því heim með eitt stig úr sterki og skemmtilegri úrslitakeppni bestu liðanna. B- og C-liðin voru bæði í toppbaráttu allt sumarið og geta strákarnir vera ánægðir með árangurinn.

## Úrslitaleikur í Vesturbænum

Gróttu getur unnið sér sæti í 1. deild karla í fótbolta er liðið leikur sinn síðasta leik gegn KV á laugardaginn nk.

Með sigri tryggir liðið sér sæti í 1. deild, leikurinn fer fram á laugardaginn nk. kl. 14 á gervigrasvelli KR.

Gróttu hefur gengið vel í síðustu

leikjum og er í þriðja sæti 2. deildar með 37 stig en KV er í öðru sæti með 39 stig en HK hefur þegar tryggt sér sæti í 1. deild.

Allir Seltirningar eru hvattir að mæta á völinn og styðja Gróttu í þessu úrslitaleik um sæti í 1. deild.

### Opunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.  
12:00 til 15:00

Fimmtudaga  
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga  
13:00 til 19:30

Laugardaga og Sunnudaga  
13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags  
10:00 til 15:00



Sími: 588 9705  
www.skautaholl.is

## Gróttustelpur úr T1 til Cesenatico



Stúlknaþópurinn sem fór til Cesenatico í sumar.

Hópur fimleikastúlkna úr T1 hélt af stað í æfingafarð til Cesenatico á Ítalíu laugardaginn 20. júlí sl. ásamt þjálfurum þeirra. Tilgangur ferðarinnar var aðallega að æfa fimleika en einnig að hitta aðra fimleikaliðendur og að njóta sólarinnar.

Stúlkurnar og foreldrar þeirra voru búnar að safna fyrir ferðinni í allan vetur, m.a. með því að selja wc pappír, fisk, sælgæti, kökur og gasblöðrur. Ferðin gekk vel, flogið var til Milano en þegar þangað var komið tók við fimm klst. rútuferð til Cesenatico þar sem æfingabúðirnar eru staðsettar. Æfingabúðirnar voru skipulagðar af UEG, Alþjóða fimleikasambandinu, og komu þjálfaranir frá Svíþjóð, Danmörku og Noregi. Boðið var upp á stöðvaþjálfun þar sem farið var í grunnatriði og einnig erfiðari æfingar. Mjög heitt var allan tímann, en hitinn var á bilinu 30 til 38 gráður.

### Vatnsbrúsinn og Poweraðið við höndina

Fyrsti dagurinn fór í það að ferðast og að koma sér fyrir. Á sunnudeginum vöknudum við kl. 8:00 um morgunin, borðuðum morgunmat og gerðum okkur klárar fyrir fyrstu æfingu dagsins. Hún byrjaði kl. 9:30 og stóð til 13. Erfitt var fyrir okkur Íslendingana að venjast því að æfa í svona miklum hita og því var vatnsbrúsinn og Poweraðið alltaf við höndina. Eftir æfinguna var farið í matsalinn og svo beint í sundlaugina. Þar var slappað af þar til að

næsta æfing byrjaði en hún stóð frá kl. 16:30 til 20:00. Eftir hana var slappað af, leitað logandi ljósi að internetsambandi og svo fljótlega farið að sofa eftir langan og heitan dag.

### Æft tvisvar á dag

Flesta daga var æft tvisvar sinnum á dag. Einn daginn var engin skipulögð æfing og þá var farið í Mirabilandia, sem er skemmtigarður/strönd staðsettur rétt fyrir utan Cesenatico. Þar eyddum við deginum, sumar fóru í alla þá rússíbana sem í boði voru en hinar lágu á ströndinni og slöppuðu af. Einn eftirmiðdag fór um við svo í verslunarferð til Rimini þar sem stelpurnar yfirtóku H&M eins og von var á. Enduðum við með því að fara út að borða á ítölskum veitingastað og síðan var sprett niður á lestarstöð til þess að ná síðustu lestinni.

### Þrjár fengu að prufa hótélhækjurnar

Eins og gengur og gerist þegar æft er þetta mikið þá er ekki hjá því komist að einhver slasi sig og ferðin okkar endaði á því að þrjár stúlkur höfðu fengið að prufa hótélhækjurnar og voru þær orðnar nokkuð færar á þeim í lok vikunnar. Enginn slasaði sig þó alvarlega og allir, bæði stelpurnar og þjálfaranir lærðu heilmikið af ferðinni og skemmtu sér konunglega.

Harpa Hlíf Bárðardóttir þjálfari.



GETRAUNANÚMER  
GRÓTTU ER  
170



# Tvö silfur hjá 4. flokki kvenna

Stelpurnar í 4. flokki kræktu í tvö silfur á mótum sumarsins, fyrst á Rey Cup og svo á Íslandsmóttinu, og voru í bæði skiptin grátlega nálægt sigri. Gróttustelpurnar mættu galvaskar á Rey Cup í Laugardal í lok júl og léku þar í keppni 7-manna liða.

Gróttá vann alla leiki sína í riðlinum en á meðal mótherja var norska liðið Hommelvik. Leikið var við Tindastóls/Hvatar í úrslitaleik þar sem Gróttuliðið var langt frá sínu besta og mátti sætta sig við silfur á annars stórskemmtilegu móti í bongóblíðu í Laugardalnum. Gróttustelpur urðu eftar í Reykjavíkuriðli Íslandsmótsins í 7-manna bolta og tryggðu sér þannig sæti í úrslita-keppninni sem haldin var á Álftanesi í lok ágúst. Í fyrsta leik vann Gróttá öruggan sigur á heimastúlkum en í kjölfarið fylgdi dramatískur leikur á móti sterku liði Dalvíkur. Soffu var vikið af velli eftir aðeins 15 mínútu og lék Gróttá því 6 á móti 7 það sem eftir lifði leiks. Lokatölur



Gróttustelpurnar stóðu sig vel í sumar.

3-0 fyrir Dalvík og þrátt fyrir góðan sigur á BÍ/Bolungarvík í lokaleiknum urðu Gróttustelpurnar að gera sér silfrið að góðu í annað sinn á stuttum tíma. En flottu tímabili lokið hjá stúlkunum sem hafa bætt sig mikið og sýndu oft á tíðum leiftrandi spilamennsku í sumar.

## SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins er Guðrún Kristjánsdóttir hún stofnaði Systrasamlagið við Suðurströnd ásamt systur sinni Jóhönnu.

**Fullt nafn?** Guðrún Kristjánsdóttir.  
**Fæðingard. og ár?** 1. ágúst 1963. Ljón.  
**Starf?** Búðarkona með blaðakonuúvafi.  
**Farartæki?** Dásamlegur Daewoo.  
**Helstu kostir?** Prautsegja og snögg að greina kjarnann frá hisminu.  
**Eftirlætis matur?** Ítalskur og lífrænt grænmeti og ávextir.  
**Eftirlætis tónlist?** Hef mjög breiðan tónlistarsmekk. Sigild tónlist og popp. Fer eftir dagsforminu.

**Eftirlætis íþróttamaður?** Saga Trautadóttir, einn efnilegasti kylfingur landins og frænka mín.

**Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?** Kastljós og Kiljan.

**Besta bók sem þú hefur lesið?** Þær eru margar en ætli Veröld sem var standi ekki upp úr.

**Uppáhalds leikari?** George Clooney er frábær leikari og leikstjóri og hann er líka í jóga.

**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?** Tríólógjan Blár, Hvítur og Rauður Krzysztof Kieslowski.

**Hvað gerir þú í fristundum þínum?** Stunda jóga, les og skrifa um jóga og horfi á góðar kvikmyndir.

**Fallegasti staður sem þú hefur komið á?** Róm og Ísafjörður. Get ekki gert upp á milli.



**Hvað metur þú mest í fari annarra?**

Brútal heidarleika, hugmyndaríki og splúðrandi gáfur.

**Hvern vildir þú helst hitta?**

Nelson Mandela, Búdda og Jesús.

**Uppáhalds vefsíða?**

Mindbodygreen.com, bbc.co.uk og nytimes.com

**Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?** Ferð til Inndlands.

**Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti?** Ég myndi nota það fé til að bæta við þekkingu mína og styðja við heilsuhugmyndafræði Systrasamlagsins.

**Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?** Ég myndi ganga alla leið og gera Nesid að alvöru "slow" heilsu-, menningar- og frumkvöðlabæ með hugleiðsluúvafi.

**Að hverju stefnir þú í framtíðinni?** Bæta og þroska sjálfa mig.

**Hvað gerðir þú í sumarfríinu?**

Fátt í þetta sinn en komst þó til London eina helgi.

**DANS & JÓGA**  
SKEMMTILEG OG KRAFTMIKIL NÁMSKEIÐ  
WWW.DANSOGJOGA.IS OG Í SÍMA 898 4942

Dansmiðjan 1993-2013  
20 ára



Zumba í Gamla salnum að Hlíðarenda á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 19.15 og laugardögum kl. 11. Opnir tímar og námskeið.

### Krakkagleði

Frábær dansnámskeið fyrir 4 - 7 ára á laugardagsmorgnum kl. 10

### LÍNUDANS

MEÐ JÓA FYRIR BYRJENDUR OG LENGRA KOMNA



### Swing og Salsa

SAMKVÆMISDANSAR FYRIR HJÓN OG ÞÖR

**Nýtt námskeið:** Grunnsporin rifjuð upp. Opnir tímar á fimmtudagskvöldum kl. 20.45.



JÓGA  
með Theu

Jóga með Theu í Jógastöðinni Andartak Skipholt 29 A

Dans & Jóga í Valsheimilínu að Hlíðarenda

**HÁGÆÐI.IS**  
**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**  
**FLÍSALAGNIR.IS**



100% endurgreiddur vsk af vinnu

**Sími: 565-7070**



# Taktu þátt í Änglamark bleyjuleik með Nettó

Þú kaupir einn pakka af Änglamark bleyjum, skrifar nafn, símanúmer og netfang aftan á kassakvittun og setur í Änglamark kassann í næstu Nettó verslun. Frábærir vinningar verða dregnir út 1.nóvember næstkomandi. Fyrsti vinningur: 30.000kr. gjafabréf í Nettó ásamt gjafakörfu með Änglamark barnavörum.



## Ofnæmisprófaðar Bleyjur

Änglamark bleyjurnar eru umhverfisvænar og innihalda engin ónauðsynleg aukaefni svo sem ilm- og mýkingarefni.

Prófaðu líka Änglamark blautklútana, 299kr.!

Mini 3-6kg á 1.298kr, Midi 5-8kg, Maxi 7-16kg, Junior 12-22kg á 1.989 kr.

nettó